



Saga, landafræði og lífshættir



Saga Íslands – nokkur atriði

Landnám Íslands

- Landnám Íslands varð þegar fólk fór að flytja til Íslands til að búa hér. Þá var ekkert fólk, engir bæir og næstum engin dýr á Íslandi.
- Þekktasti landnámsmaðurinn er Ingólfur Arnarson sem nam land í Reykjavík í kringum árið 870.
- Á landnámsöld (870-930) sigldu þúsundir manna, einkum frá Noregi, til Íslands. Með í för voru eiginkonur og þrælar, sumir frá Írlandi og Bretlandseyjum.
- Landnámsfólkið flutti með sér búfénað, verkfæri og áhöld.



Saga Íslands: Landnám Íslands, framhald

- Landnámsmennirnir eru oft kallaðir víkingar.
- Víkingar á Norðurlöndum og Bretlandseyjum fóru á skipum til annarra landa og rændu þorp og bæi – og fólki.
- Víkingarnir á Íslandi voru fyrst og fremst bændur. En börðust þó innbyrðis um heiður og völd.
- Eignamiklir bændur sem áttu stórt land urðu höfðingjar með bændur sem fylgismenn sína.



[This Photo](#) by Unknown Author is licensed under [CC BY-SA](#)

Saga Íslands: Alþingi

- Alþingi Íslendinga er elsta starfandi þing í heimi.
www.althingi.is
- Það var stofnað árið 930 á Þingvöllum og starfaði til ársins 1799.
- Alþingi var endurreist í Reykjavík árið 1844 og starfar í alþingishúsinu við Austurvöll.
- Á alþingi sitja 63 þingmenn. Þeir sitja á þingi fyrir hönd stjórnmaflokka. Þjóðin kys stjórnmaflokka í leynilegri kosningu.
- Kosningar til alþingis eru á 4 ára fresti.
- Í kjölfar kosninga er mynduð ríkisstjórn sem skipar ráðherra.



[This Photo](#) by Unknown Author is licensed under [CC BY-SA](#)



[This Photo](#) by Unknown Author is licensed under [CC BY-ND](#)

Saga Íslands: Kosningaréttur og forseti Íslands



Mynd: <https://www.forseti.is/>


- Árið 1915 fékk hluti kvenna kosningarétt á Íslandi.
- Árið 1920 fengu allir 25 ára og eldri kosningarétt. Aldurinn var lækkaður smám saman.
- Núna miðast kosningaréttur við 18 ára aldur.
- Forseti landsins er kosinn á fjögurra ára fresti.
- Forseti Íslands heitir Guðni Th. Jóhannesson
- Fyrsta konan í heiminum sem var kosin í lýðræðislegum kosningum til forseta var Vigdís Finnbogadóttir árið 1980. Hún var forseti í 16 ár.
- www.forseti.is



This Photo by Unknown Author is licensed under [CC BY-NC-ND](https://creativecommons.org/licenses/by-nc-nd/4.0/)

Saga Íslands: Sjálfstæði Íslands

- Ísland missti sjálfstæði sitt árið 1262 til Noregs og varð síðar nýlenda Danmerkur.
- Þekktasta sjálfstæðishetja Íslendinga er Jón Sigurðsson. Þjóðhátíðardagur Íslands er afmælisdagur hans, 17. júní.
- Ísland varð fullvalda ríki 1. desember 1918.
- Lýðveldið Ísland var stofnað 17. júní 1944.
- Ísland fékk sjálfstæði án stríðsátaka.



[This Photo](#) by Unknown Author is licensed under [CC BY-SA](#)

Saga Íslands: Trúarlíf Íslendinga



- **Ásatrú:** Í upphafi byggðar á Íslandi var fólk heiðið, eins og meirihluti norræns fólks á þeim tíma. Í ásatrú er trúað á goð, ásynjur og ýmsa vætti. Fórnir voru færðar goðunum og hátíðir (blót) haldnar þeim til heiðurs.
- **Kristni:** Íslendingar tóku upp kristna trú árið 1000 og gekk það friðsamlega fyrir sig.
- Kaþólska kirkjan réði ríkjum í Evrópu fram að siðaskiptum árið 1550. Á Íslandi urðu slík siðaskipti og þjóðkirkja Íslands byggir á lúthersk-evangelískum sið.

Saga Íslands: Atvinnulíf

- Ísland var bændasamfélag fram undir árið 1900.
- Allt var nýtt af kindum sem hægt var, bæði til matar og ullin spunnin í band.
- Fiskveiðar voru stundaðar á opnum árabátum.
- Þegar vélar komu í báta og togarar komu til landsins jukust fiskveiðar og sjávarútvegur varð stór atvinnugrein.

Saga Íslands: Húsnæði

- Torfbæir voru helsti húsakostur Íslendinga frá 9. fram á 19. öld.
- Þeir voru byggðir úr torfi og grjóti. Þeir voru ekki sterkbyggðir en héldu vel hita. En þar var dimmt og oft mikill reykur inni.
- Á kvöldin sat heimilisfólkið saman á baðstofuloftinu og vann við handavinnu og fleira smálegt, kvað vísur og sagði sögur.
- Eftir seinni heimsstyrjöldina (eftir 1945) var byggt mikið af litlum fjölbýlishúsum í Reykjavík og upp úr 1970 hófst bygging stórra fjölbýlishúsa í Breiðholti.



Mynd frá VMST

Saga Íslands: Seinni heimsstyrjöldin

- Seinni heimsstyrjöldin stóð frá 1939 til 1945 og hafði gríðarleg áhrif í heiminum, einnig á Íslandi.
- Ísland lýsti yfir hlutleysi en var hernumið af Bretum og síðar Bandaríkjamönnum. Tugþúsundir hermanna voru á landinu.
- Mikill fjöldi fólks flutti frá landsbyggðinni til Reykjavíkur og vann störf sem tengdust þjónustu við herinn.
- Eftir að stríðinu lauk fékk Ísland Marshall aðstoð frá Bandaríkjunum og notaði peningana m.a. til að byggja félagslegt húsnæði.
- Ísland var eitt af stofnríkjum NATO árið 1949.




Mynd frá VMST

Ísland nútímans

- Á Íslandi er fjölbreytt atvinnulíf en sjávarútvegur, álframleiðsla og ferðamannaiðnaður skipta miklu máli fyrir efnahag landsins.
- Bændur framleiða kjöt og grænmeti. Iðnaður og framleiðsla er margskonar.
- Framleiðslufyrirtæki á sviði hátækni starfa á landinu.
- Menntunarstig er frekar hátt á Íslandi og flestir fara í framhaldsskóla. Fleiri konur en karlar stunda nám á háskólastigi.
- Verkalýðsbarátta var hörð í byrjun 20. aldar og þurfti almenningur að berjast fyrir réttindum eins og veikindarétti, lágmarkshvíldartíma, hámarksvinnutíma, fæðingarorlofi og atvinnuleysisbótum.
- Kvinnabarátta er hluti af réttindabaráttu á Íslandi. Konur hafa barist fyrir kosningarétti, launajafnrétti og kynjajafnrétti á öllum sviðum. Kvannaframboð bauð fram til alþingis og sat á þingi.
- Barátta samkynhneigðra fyrir réttindum til jafns við aðra tók áratugi.

Landafraeði

- Ísland er stór eyja í Atlantshafi (103.000 km²) og er hluti af Evrópu.
- Á Íslandi er mikil eldvirkni og víða jarðhiti. Hér eru einnig jöklar og hraun.
- Landið er ekki mjög gróið.
- Það er afar vogskorið með firði, víkur og voga.
- Hálendið telst til 75% af landinu en enginn býr þar.
- Bæir og þorp eru við strandlengjuna.



Mynd frá VMST

Landafraeði: Jarðskjálftar og eldgos

- Jarðskorpan er á sífelldri hreyfingu. Það myndar spennu, skorpan brotnar og jörðin skelfur. Það er jarðskjálfti.
- Jarðskjálftar eru algengir á Íslandi. Flestir eiga upptök sín langt frá mannabyggðum.
- Hús eru sterkbyggð á Íslandi en hafa skemmst í stórum jarðskjálftum.
- Eldgos verða þegar bráðin bergkvika djúpt í jörðu og gas kemur upp á yfirborð jarðar. Glóandi hraun rennur yfir land og aska fellur til jarðar.
- Eldgos eru nokkuð tíð á Íslandi. Þekktustu eldgos síðari ára eru Heimaeyjagosið í Vestmannaeyjum 1973, gosið í Eyjafjallajökli árið 2010 og gosin í Geldingardölum árin 2021 og 2022



[This Photo](#) by Unknown Author is licensed under [CC BY-NC](#)

Landafraeði: Jarðskjálftar og viðbrögð

- Ef þú ert innandyra þegar jarðskjálfti byrjar— ekki hlaupa af stað:
 - Haltu kyrru fyrir, mörg slys verða þegar hlaupið er af stað og lausir hlutir detta.
 - Farðu undir borð eða rúm, verðu höfuð og háls, haltu þér í sterkbyggð húsgögn.
 - Krjúptu niður í horni við burðarvegg eða í hurðaropi við burðarvegg.
 - Verðu höfuð þitt og andlit með kotta- ef þú vaknar upp við jarðskjálfta.
 - Haltu þig frá gluggum – þeir geta brotnað.
- Ef þú ert utandyra þegar þú finnur jarðskjálfta – ekki hlaupa inn:
 - Vertu áfram úti – reyndu að finna skjól til að *krjúpa, skýla, halda*.
- Ef þú ert að keyra þegar þú finnur jarðskjálfta:
 - Stoppaðu og leggðu bílnum, hafðu bílbeltið spennt og haltu kyrru fyrir.

www.almannavarnir.is/natturuva/jardskjalftar/vidbrogd-vid-jardskjalfta

Landafræði: Jöklar, ár og fossar

- Vatnajökull er á Suðausturlandi Íslands. Það er stærsti jökull Evrópu.
- Það er hægt að fara í skipulagðar ferðir á jökla á Íslandi.
- Í stöðuvötnum og ám á landinu er oft hægt að veiða bleikju, urriða eða lax.
- Fossar eru um allt Ísland, bæði stórir og litlir. Þekktustu fossar landsins eru t.d. Gullfoss, Dettifoss og Seljalandsfoss.
- Á hverasvæðinu við Geysi gýs hverinn Strokkur reglulega.
- Vatnsmiklar ár hafa verið virkjaðar til raforkuframleiðslu.



[This Photo](#) by Unknown Author is licensed under [CC BY-SA](#)

Landafræði:

Veðurfar

- Á Íslandi eru fjórar árstíðir: Vetur, vor, sumar og haust.
- Á sumrin er meðalhitinn um 10°C og á veturna á bilinu -10 til 0°C.
- Veðrið á Íslandi getur breyst mjög ört með snjókomu einn daginn og rigningu næsta dag.
- Óveður koma stundum á veturna, líka í þéttbýli. Veðurstofa Íslands notar viðvörðunarkerfi í fjórum litum til að vara við óveðri: Græn, gul, appelsínugul og rauð viðvörðun.

www.vedur.is

- Appelsínugula og rauða viðvörðun á að taka alvarlega og þá á helst að halda sig heima, ekki ferðast og börn mega ekki fara ein í og úr skóla.




Mynd: <https://notendur.hi.is/brh12/Kennsla/dt2/>

Landafræði:

Veðrið og daglegt líf

- Veðrið hefur mikil áhrif á daglegt líf á Íslandi og Íslendingar geta talað endalaust um veðrið.
- Á veturna getur verið mikill snjór og þá þarf að skafa af bílunum. Það þarf að moka snjóinn og bera salt eða sand á göngustíga og götur til að geta gengið og keyrt.
- Það er gott að nota mannbrodda undir skóna sína í hálfu til að detta síður.
- Á veturna er mjög dimmt og dagsbirta af skornum skammti. Norðurljósinn dansa á himninum á veturna.
- Á sumrin er mjög bjart, líka á nóttunni!



Landafræði: Veðrið og daglegt líf

- Íslendingar hafa aðlagast veðurfarinu á Íslandi. Þeir fara út þótt það sé snjór og kalt í veðri.
- Ef notuð eru hlý útiföt er hressandi að fara í gönguferðir á veturna.
- Að fara á skíði og skauta er einnig vinsæl afþreying á veturna.
- Börn elska að fara á sleða og renna niður brekkur.
- Á sumrin vilja flestir Íslendingar vera mikið úti og nota tímann vel á meðan það er hlýtt og bjart til að sinna garðinum sínum, fara í ferðalög eða bara hjóla, ganga og sitja úti.

Lífshættir:

Hefðir og hátíðir – Jól og áramót

- Jólin eru mikilvæg hefð hjá flestum og stór fjölskylduhátíð.
- Jólin eru til að minnast fæðingar Jesú en fyrr á tímum voru hátíðir á svipuðum árstíma til að fagna því að daginn var farið að lengja.
- Aðventan er mánuðurinn fyrir jól. Fólk gerir margt skemmtilegt á aðventunni, t.d. að baka smákökur, gera jólaföndur og jólakonfekt og fara á jólatónleika. Náungakærleikur er ríkjandi og margir gefa til hjálparstarfs.
- Íslensku jólasveinarnir eru 13 talsins og byrja að koma til byggða 13 dögum fyrir jól. Börnin trúa því að ef þau setji skóinn sinn út í glugga setji jólasveinarnir litla gjöf í skóinn.



Mynd:<https://www.sykur.is/2014/2125/jolasveinarnir-koma-i-thessari-rod/>

Hefðir og hátíðir – Jól og áramót

- **Þorláksmessa** er 23. desember. Þá borða margir kæsta skötu sem er mjög sterk lykt af. Búðir eru opnar lengi og fólk keppist við að þrifa og gera allt tilbúið fyrir jólin.
- **Aðfangadagur** er 24. desember. Jólin byrja klukkan sex að kvöldi. Fjölskyldur borða saman góðan mat og opna síðan jólagjafir. Margir fara í messu. Hjálparsamtök hafa gjarnan jólamat fyrir þá sem eru einir á jólunum.
- **Jóladagur** er 25. desember og annar í jólum 26. desember. Þá er hefð hjá mörgum að halda, eða fara í, jólaboð.
- **Gamlársdagur** er 31. desember. Algengt er að hafa áramótaboð í heimahúsum og skjóta upp flugeldum. Party halda oft áfram fram eftir nóttu í heimahúsum eða á skemmtistöðum.



Mynd frá VMST

Hefðir og hátíðir - Páskar

- Páskarnir eru stærsta hátíð kristinnar kirkju. Upprisu Jesú er fagnað.
- Fyrir marga eru páskarnir kærkomið frí eftir langan vetur. Flestir eru í fimm daga samfelldu fríi (frá fimmtudegi til þriðjudags).
- Á páskadag er siður að borða súkkulaðipáskaegg og eru börn yfirleitt mjög spennt fyrir því.
- Það er frí í skólum vikuna fyrir páska.
- Skíðaferðir, sumarbústaðaferðir eða afslöppun heima er algeng í páskafríinu.



Mynd: <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/1327462/>

Hefðir og hátíðir - Fleiri dagar



This Photo by Unknown Author is licensed under CC BY-SA

- Bolludagur, sprengidagur og öskudagur eru skemmtileg hefð í íslenskri menningu. Þessir dagar eiga uppruna sinn í kaþólskri trú og tengjast föstu fyrir páskahátíðina.
- **Bolludagur** er á mánudegi í febrúar og fólk borðar mikið af rjómbollum.
- **Sprengidagur** er daginn eftir og þá er borðað eins mikið af saltkjöti og baunasúpu og hver getur í sig látið.
- **Öskudagur** er þriðji dagurinn, á miðvikudegi. Þá er nú til síðs að börn klæði sig í búninga og syngi fyrir fólk fyrir nammi.
- **Bóndadagurinn** er í janúar. Þá er siður hjá mörgum að gefa eiginmönnum sínum gjöf og elda eitthvað gott, eða færa þeim þorramat. Bóndadagur markar upphaf þorrans.
- **Þorri** er fornt norrænt mánaðarheiti. Á þorra eru haldin þorrablót sem eru veislur þar sem borinn er fram sérstakur íslenskur matur sem er súr, reyktur og/eða saltaður, kallaður þorramatur.
- **Konudagurinn** er í febrúar og þá fá eiginkonur gjarnan blóm og gjafir frá maka sínum.

Hefðir og hátíðir – fleiri dagar

- **Sumardagurinn fyrsti** er í apríl. Þetta er frídagur og hátíðisdagur fyrir börnin. Það eru haldnar litlar skrúðgöngur og skemmtanir fyrir börn í hverfum Reykjavíkur og í bæjum á landsbyggðinni.
- **Þjóðhátíðardagur Íslendinga** er 17. júní. Á þessum degi eru hátíðarhöld í öllum bæjum. Það eru skrúðgöngur, skemmtiatriði, leiktæki og tónleikar fyrir fólk.
- **Verslunarmannahelgin** er stór ferðahelgi í lok júlí/byrjun ágúst. Frídagur verslunarmanna er á mánudegi og er almennur frídagur. Stórar útihátíðir eru haldnar víða um land þessa helgi þar sem fólk kemur saman og skemmtir sér. Þekktasta útihátíðin er Þjóðhátíð í Eyjum.

Hefðir og hátíðir – smá í viðbót

- Á Íslandi halda mörg bæjarfélög bæjarhátíð á sumrin. Slíkar hátíðir eru fjölskylduhátíðir og gaman er að fara í smá ferðalag og heimsækja slíkar hátíðir.
- Það er hægt að fara í dagsferðir á hátíðir í bæi nálægt Reykjavík, eins og Selfoss, Hveragerði, Akranes og Borgarnes.
- Í ágúst eru í Reykjavík haldnar bæði Gleðiganga hinsegin fólks og Menningarnótt sem er afmæli Reykjavíkur.



[This Photo](#) by Unknown Author is licensed under [CC BY-NC-ND](#)

Lögbundnir frídagar á Íslandi

ef vinna þarf á lögbundnum frídegi á að fá álagsgreiðslur

Nýársdagur (01.01.)

Skírdagur

Föstudagurinn langi

Páskadagur

Annar í páskum

Uppstigningardagur (40 dögum eftir páska)

Hvítasunnudagur (50 dögum eftir páska)

Annar í hvítasunnu

Sumardagurinn fyrsti (þriðji fimmtudagur í apríl)

Baráttudagur verkalýðsins (01.05)

Þjóðhátíðardagur Íslendinga (17.06)

Frídagur verslunarmanna (fyrsti mánudagur í ágúst)

Aðfangadagur (24. 12.) frá klukkan 12.00

Jóladagur (25.12)

Annar í jólum (26. 12.)

Gamlársdagur (31.12) frá klukkan 12.00

Aðrir hátíðisdagar:

- Með fjölda nýrra íbúa á Íslandi – sem koma alls staðar að úr heiminum – koma fleiri hátíðisdagar inn í íslenska menningu.
- Slíkir dagar eru þó ekki sjálfkrafa opinberir frídagar.
- En það er sjálfsagt að óska (fyrirfram) eftir fríi í vinnu eða í skóla vegna stórra hátíðisdaga. Athugið að slíkt frí er þá ólaunað eða tekið af sumarfríinu.

Gott er að setja áminningu í símann sinn fyrir alla lögbundna frídaga á Íslandi – þá fara börnin ekki óvart í skólann eða þið óvart í vinnuna!

Aðrir merkisdagar

- **Afmæli.** Misjafnt er hvort fullorðið fólk heldur upp á afmælið sitt en stórafmælum er yfirleitt fagnað. Til síðs er að halda upp á afmæli barna með afmælisboðum fyrir fjölskylduna og/eða vini.
- **Skírn eða nafngjöf.** Margir láta skíra börn sín í kirkju eða heimahúsi af presti. En einnig er algengt að halda einungis nafnaveislur fyrir börnin sín án þess að tengja nafngjöfina við trúarbrögð. Það er skylda að gefa barni nafn og skrá það hjá Þjóðskrá Íslands áður en barnið verður 6 mánaða gamalt. www.skra.is

Aðrir merkisdagar – framhald

- **Ferming.** Þegar ungt fólk er á fjórtánda ári getur það fermst. Að fermast þýðir að staðfesta vilja til að vera áfram meðlimur í þjóðkirkjunni. Borgaralegar fermingar tíðkast einnig en þær athafnir hafa ekki trúarlega tengingu. www.sidmennt.is
- Unglingar fara í fermingarfræðslu og læra um trú og siðferðisleg gildi og ræða marga ólíka þætti tilverunnar.
- Fermingarveislur eru haldnar og fá unglíngarnir gjarnan peningagjafir frá ættingjum og vinum.
- Það er ekki skylda að fermast á Íslandi, hvorki í kirkju né borgaralega.

Aðrir merkisdagar – framhald

- **Gifting.** Fjöldmörg pör gifta sig á hverju ári á Íslandi. Það er hægt að gifta sig í kirkju, hjá öðru trúfélagi eða hjá sýslumanni.
- Fólk af sama kyni má giftast á Íslandi og eru þau hjónabönd jafn gild fyrir lögum og önnur hjónabönd.
- **Jarðarför.** Það deyja um 2000 manns á Íslandi á ári. Útför frá kirkju er haldin fyrir meirihluta þeirra sem látast. Það er ekki skylda að hafa prest í útför.
- Það eru tvær tegundir af útförum: Jarðarför eða líkbrennsla. Í jarðarför er líkið í líkkistu sem er grafin í jörðu í kirkjugarði. Við líkbrennslu er líkið brennt og krukka með öskunni jarðsett í kirkjugarði.



Mynd frá VMST

Trúarlíf á Íslandi

- Trúfrelsi ríkir á Íslandi. Það þýðir að allir geta iðkað trú sína án þess að óttast ofsóknir eða refsingar. Það þýðir líka að öllum er heimilt að ákveða sjálfir hvaða trú þeir aðhyllast eða standa utan trúfélaga.
- Þjóðkirkja Íslands er stærsta trúfélag landsins. Þjóðkirkjan byggir á lúthersk-evangelískum sið. Trú skipar misstóran sess í daglegu lífi fólks en kirkjan er mikilvæg fyrir marga í tengslum við ýmsar athafnir eins og skírn, fermingar, giftingar og jarðarfariir auk jólahátíðarinnar.
- Á Íslandi starfar fjöldi stórra og smærri trúfélaga og ríkir umburðarlyndi í samfélaginu gagnvart ólíkum trúar- og lífsskoðunum fólks.
- Hluti af sköttum fólks rennur til þess trúfélags sem það er skráð í. Íslenska ríkið greiðir laun presta í þjóðkirkjunni.
- Þjóðkirkjan hefur engin áhrif á setningu eða framkvæmd laga og dóma á Íslandi.



Mynd frá VMST

Vefsíður

www.almannavarnir.is

www.althingi.is

www.borgarsogusafn.is

www.dagarnir.is

www.forseti.is

www.island.is

www.kirkjan.is

www.mcc.is

www.syslumenn.is/thjonusta/utgefin-leyfi/listi-yfir-skrad-trufelog-og-lifsskodunarfelog

www.reykjavik.is

www.sidmennt.is

www.thingvellir.is

www.thjodminjasafn.is

www.vedur.is



Stjórnarráð Íslands
Félagsmálaráðuneytið